



Forsetanefnd Hafnarfjarðarbæjar
b.t. Ívars Bragasonar

Reykjavík 21. ágúst 2019

1907005SA
Málalykill: 01.00

Efni: Erindi frá forsetanefnd Hafnarfjarðarbæjar til siðanefndar Sambands Íslenskra sveitarfélaga varðandi kvörtun kjörins fulltrúa undan ummælum annars kjörins fulltrúa.

Með tölvupósti frá Ívari Bragasyni, lögfræðingi hjá Hafnarfjarðarbæ, 2. júlí 2019, var því komið á framfæri við Samband Íslenskra sveitarfélaga að forsetanefnd Hafnarfjarðarbæjar hafi á fundi sínum 24. júní 2019 samþykkt að óska eftir álitum siðanefndar sambandsins á erindi sem forsetanefnd hafði borist frá Ólafi Inga Tómassyni, bæjarfulltrúa og formanni skipulags- og byggingarráðs. Í erindi sínu til forsetanefndar greindi Ólafur Ingi frá ummælum sem höfð voru eftir Jóni Garðari Snædal Jónssyni, áheyrnarfulltrúa í skipulags- og byggingarráði, í Fréttablaðinu þann 7. júní 2019. Forsetanefnd Hafnarfjarðarbæjar óskar eftir álitum siðanefndarinnar á því „hvort hátterni umrædds áheyrnarfulltrúa [Jóns Garðars Snædal], eins og málið liggur fyrir, feli í sér brot á siðareglum kjörinna fulltrúa hjá Hafnarfjarðarbæ.“

Forsendur og málsmeðferð

Í 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 segir: „Samband Íslenskra sveitarfélaga skipar nefnd sem veitt getur álit um siðareglur og um ætluð brot á þeim. Ráðuneytið getur borið tillögur sveitarstjórna um siðareglur undir nefndina áður en það tekur þær til staðfestingar.“

Í erindisbréfi eru helstu verkefni siðanefndar orðuð þannig:

1. Að veita ráð um efni og framsetningu siðareglna og endurskoðun þeirra.
2. Að gefa út almennar leiðbeiningar til sveitarfélaga um túlkun siðareglna eftir því sem tilefni eru til.
3. Að fjalla almennt um skýringar á ákvæðum siðareglna með það fyrir augum að málum verði beint í réttan farveg. Nefndin hefur ekki úrskurðarvald um hvort siðaregla hafi verið brotin í ákveðnu tilviki heldur beinist umfjöllun hennar að því hvernig hægt sé að færa mál til betra horfs í framtíðinni.
4. Að veita sambandinu og stjórn þess aðstoð þegar þörf er á sérþekkingu sem nefndarmenn búa yfir, m.a. vegna námskeiða- og ráðstefnuhalds.“

Í starfi sínu styðst nefndin við málsmeðferðarreglur sem staðfestar voru af stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga 28. október 2016. Í samræmi við framangreindar reglur

annaðist formaður nefndarinnar upphafsathugun á því hvort skilyrði málsmeðferðar væru uppfyllt. Niðurstaða upphafsathugunar var sú að erindið falli undir ofangreind verkefni siðanefndar. Málið var því tekið fyrir á fundi nefndarinnar 11. júlí 2019. Það var tekið fyrir að nýju og lokið með afgreiðslu á fundi 21. ágúst 2019. Nefndin úrskurðar ekki um það hvort siðaregla hafi verið brotin, hvorki í þessu tilviki né öðrum, en getur fjallað almennt um þau sjónarmið sem gilda í tilvikum af því tagi sem lýst er í erindinu.

Málsatvik og málgögn

Í tölvupósti Ívars Bragasonar til Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2. júlí 2019 kemur fram, að Ólafur Ingi Tómasson, bæjarfulltrúi og formaður skipulags- og byggingarráðs, hafi kvartað til forsetanefndar Hafnarfjarðarbæjar vegna ummæla sem höfð voru eftir Jóni Garðari Snædal Jónssyni, áheyrnarfulltrúa í skipulags- og byggingarráði, í Fréttablaðinu 7. júní 2019. Forsetanefnd samþykkti 24. júní, með vísun til 4. mgr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, að óska eftir álitum siðanefndar Sambands Íslenskra sveitarfélaga á því hvort hún telji hátterni Jóns Garðars, eins og málið liggur fyrir, fela í sér brot á siðareglum kjörinna fulltrúa hjá Hafnarfjarðarbæ. Erindinu til siðanefndar fylgdi ódagsettur texti með erindi Ólafs Inga til forsetanefndar, ásamt afriti af umfjöllun Fréttablaðsins frá 7. júní 2019.

Fréttablaðið birti 7. júní 2019 umfjöllun undir fyrirsögninni „Telur formann skipulagsráðs brjóta lög vegna viðbyggingar.“ Þar kemur fram að skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar hafi í vikunni tekið fyrir á fundi mál þar sem óskað var eftir stækkun einbýlishúss. Haft er eftir Ólafi Inga Tómassyni, formanni ráðsins, að breytingin sé óveruleg og stækkunin því samþykkt. Þá er greint frá því að Jón Garðar Snædal Jónsson, fulltrúi í ráðinu, hafi lagt fram bókun á fundinum þar sem hann varaði við stækkun hússins. Umfjöllun blaðsins vitnar í samtal við Jón Garðar þar sem hann tjáir andstöðu sína við samþykkt stækkunarinnar. Þar segir m.a.:

Þeir eru að brjóta lög, það er bara þannig,“ segir Jón Garðar Snædal Jónsson, fulltrúi Viðreisnar í skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar [...]

„Það kemur fram í gögnum að þetta er ekki inni á byggingarreit, þetta er ekki innan deiliskipulags og það er þegar komin kvörtun um það að þetta sé að skerða lífsgæði nágretta,“ segir hann og bætir við að hans upplifun sé sú að ekki sé allt uppi á borðum sem tengist málinu.

„Það er eins og eitthvað hangi á spýtunni við að ná þessu máli í gegn. Eitthvað sem enginn veit, það er eitthvað bogið við þetta,“ segir Jón Garðar og bætir að formaður ráðsins og flokksmenn hans ætli að koma málinu í gegn með öllum ráðum.

Jón Garðar segist ekki hafa svar við því hvað Ólafi og félögum gangi til en hann geti þó getið sér þess til.

„Hvort menn séu að greiða í rétta kosningasjóði, séu frændi einhvers eða bróðir eða hvort búið sé að lofa greiðum. Maður veit ekki og ég get ekki fullyrt neitt um það, hef engar sannanir en þarna fara þeir allavega á þvers og kruss við lögin.“

Í erindi sínu til forsetanefndar gerir Ólafur Ingi sérstaklega athugasemd við síðastnefndu ummælin:

Hvort menn séu að greiða í rétta kosningasjóði, séu frændi einhvers eða bróðir eða hvort búið sé að lofa greiðum. Maður veit ekki og ég get ekki fullyrt neitt um það, hef engar sannanir en þarna fara þeir allavega á þvers og kruss við lögin.

Telur Ólafur Ingi að þessi ummæli gefi í skyn að „fulltrúar í ráðinu sem stóðum að afgreiðslu málsins séum að þiggja greiðslur í kosningasjóði, verið sé hygla frændfólki eða fjölskyldumeðlimum eða lofa greiðum“.

Álit

Kjörnum fulltrúum ber að gera sitt besta til að stuðla að því að ákvarðanir sem þeir eiga aðild að séu vandaðar, löglegar og siðlegar. Því er mikilvægt að öll sjónarmið fulltrúa komi fram við afgreiðslu mála og að til séu leiðir til að kæra ákvörðanir sem teknar hafa verið, svo að hægt sé að leiðrétta mistök.

Að mati síðanefndar vekur mál þetta annars vegar spurningar um vettvang gagnrýni, rökræðna og skoðanaskipta um einstök mál sem til afgreiðslu eru og hins vegar um það hvernig dylgjur á opinberum vettvangi geta farið út fyrir þau mörk háttvísi sem ætlast má til af kjörnum fulltrúum.

Orðin „þeir eru að brjóta lög, það er bara þannig“ eru bein staðhæfing um að við afgreiðslu málsins hafi skipulagsráð gert alvarleg mistök. Jón Garðar fylgir staðhæfingunni eftir með þeim rökum að stækkun hússins hefði átt að teljast veruleg vegna þess að samkvæmt deiliskipulagi sé ekki heimilt að byggja viðbyggingar sem ná yfir meira en 10% stærðar þess. Í þessu tilviki nemi stækkunin hins vegar 25%. Hér er um að ræða rökstudda gagnrýni á afgreiðsluna.

Þessi hluti málsins vekur spurningar um hvar sé eðlilegt að setja slíka gagnrýni fram. Síðanefnd telur óheppilegt að fulltrúar í skipulagsráði rökræði einstök mál í fjölmíðlum. Slíkar rökræður eiga heima á fundum ráðsins. Ef fulltrúi í ráðinu telur að meirihluti þess hafi gert alvarleg mistök á borð við þau að brjóta lög með ákvörðun sinni, þá ber honum að bóka andstöðu sína og óska mögulega eftir álitum bæjarlögmanns á lögmeði ákvörðunar.

Síðari hluti málsins vekur spurningar um dylgjur og háttvísi. Dylgjur eru það þegar orðalag gefur í skyn að einhver sem um er rætt hafi unnið til þess að vera metinn á neikvæðan hátt, án þess þó að það sé fullyrt beint og án þess að það sé rökstutt. Eftirfarandi ummæli eru dæmi um dylgjur:

Jón Garðar segist ekki hafa svar við því hvað Ólafi og félögum gangi til en hann geti þó getið sér þess til.

„Hvort menn séu að greiða í rétta kosningasjóði, séu frændi einhvers eða bróðir eða hvort búið sé að lofa greiðum. Maður veit ekki og ég get ekki fullyrt neitt um það, hef engar sannanir en þarna fara þeir allavega á þvers og kruss við lögin.“

Þarna er gefið í skyn að pólitísk spillning liggja að baki þeirri ákvörðun meirihluta ráðsins að samþykkja stækkunina. Þetta er ekki fullyrt beint og ekki rökstutt umfram þá staðhæfingu að ákvörðunin hafi, að mati Jóns Garðars, brotið í bága við lög. Sú staðhæfing dugar þó engan vegin til ályktunar um spillingu. Í dylgjunum felst alvarleg ásökun sem snertir heiður og mannorð þeirra sem í hlut eiga. Í ásökuninni felst m.a. að umræddir aðilar hafi brotið gegn 2. gr. siðareglna kjörinna fulltrúa hjá Hafnarfjarðarbæ. Viðurkennd leið til að koma fram með ábendingu um brot á siðareglum er að leggja rökstutt erindi fyrir forsetanefnd. Viðurkennd leið til að láta reyna á réttmæti ákvörðunar skipulagsráðs er að óska eftir lögfræðilíti. Ekki verður séð að sá tilgangur, að stuðla að því að ákvarðanir ráðsins séu vandaðar, löglegar og siðlegar, réttlæti það meðal sem þarna var gripið til, að fara fram með dylgjur og róg í fjölmiðlum.


Niðurstaða siðanefndar er sú að ummælin sem Ólafur Ingi gerði athugasemd við fari út fyrir þau mörk háttvísi sem ætlast má til af kjörnum fulltrúum. Siðanefnd vill af því tilefni minna á álit sitt í máli 1/2017, sem fjallaði um svar við fyrirspurn forsetanefndar Hafnarfjarðarbæjar vegna tillögu um að bæta háttvísisákvæði við 2.gr. siðareglna kjörinna fulltrúa hjá Hafnarfjarðarbæ. Í álitinu siðanefndar sagði m.a.:

Góðar ástæður geta legið til þess að nota skráðar siðareglur sem hvatningu til háttvísi. Hún liðkar til í mannlegum samskiptum og getur komið í veg fyrir óþörf særindi og deilur. Það er því félagslega gagnlegt og siðferðilega gilt markmið að reyna að koma fram af háttvísi og rækta hana með sér. Með háttvísi í samskiptum minnkum við hættuna á að ágreiningur og pólitísk barátta leiði til illdeilna, óvildar og ómálefnalegar umræðu.

Í ljósi þess máls sem hér er til umræðu telur siðanefnd að ástæða væri til að bæta háttvísisákvæði við 2.gr. siðareglna kjörinna fulltrúa hjá Hafnarfjarðarbæ.

Virðingarfyllst,

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Sigurður Kristinsson
formaður siðanefndar